

Kirkjuþing 2020-2021.

21. mál - þskj. 21.

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:

Kirkjuráð skal auglýsa á almennum markaði allar fasteignir þjóðkirkjunnar, sem það hefur ákveðið að selja með samþykki kirkjuþings. Kirkjuráð skal taka hæsta tilboði eða hafna öllum.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

Greinargerð.

Fasteignastefna þjóðkirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2018. Á kirkjuþingi 2019 var 19. gr. stefnunnar var breytt í þá veru að þar er nú tekið fram að fasteignir kirkjumálasjóðs, nú Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, sem áformað er að selja skuli auglýstar til sölu.

Rétt þykir að sambærilegt ákvæði 19. gr. fasteignastefnunnar sé einnig í starfsreglum kirkjuþings sem fjalla fasteignir kirkjunnar. Þá er öllum gefinn kostur á að bjóða í eignir sem á að selja. Þetta stuðlar að jafnræðissjónarmiðum sem kirkjan vill halda í heiðri í hvívetna.

Starfsfólki kirkjunnar er skylt að fara eftir starfsreglum kirkjuþings og því mun þetta skapa meiri festu hvað varðar solumál kirkjunnar og tryggja að þetta ákvæði 19. gr. fasteignastefnunnar verði haldið í heiðri.

Í stefnunni kemur fram að kirkjuþing geti samþykkt undantekningar frá þessu í einstökum tilvikum

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að kirkjuráði sé skylt að auglýsa á almennum markaði eignir þær sem þjóðkirkjan hyggst selja. Rétt þykir og sanngjarnt að allir sem áhuga hafa geti haft tækifæri til að bjóða í fasteign sem til sölu er.

Þá er lagt til að kirkjuráði sé skylt að taka hæsta tilboði eða að hafna öllum svo ekki leiki vafi á því að gildi þjóðkirkjunnar séu höfð í heiðri.

Um 2. gr.

Lagt er til að starfsreglurnar öðlist gildi 1. október 2020.